

Gekk á 100 íslenska tinda á sjö árum

● Vilhjálmur Þór var í 1.450 radiósamböndum í ferðunum

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Radíótækniþræðingurinn og rafmagnsverkfræðingurinn Vilhjálmur Þór Kjartansson, öðru nafni Villi radíó, sem verður áttæður í desember, hefur gengið á fjöll í áratugi, en í sérstökum tilgangi frá 1. september 2016. Þá öðlaðist Ísland aðild að Summits on the Air (SOTA) með 910 samþykka tinda hérlendis og síðan hefur Villi gengið á 100 þeirra fyrstur manna og þar af alla 43 sem tilheyra Suðvesturlandi auk tveggja tinda á Sikiley á Ítalíu. Í þessum ferðum var hann í 1.450 radiósamböndum, langflest á 20 metra stuttbylgju við Evrópu, en einnig meðal annars við Norður-Ameríku og Japan. „Mér rann blóðið til skyldunnar, þegar SOTA hófst á Íslandi,“ segir Villi, sem hafði áður verið á mörgum þeirra fjalla sem SOTA viðurkennir.

„SOTA er samtök radióamatöra sem vilja sameina fjallgöngur og beranleg fjarskipti,“ útskýrir Villi. „Amatörar eru fólk sem hefur lokið prófi fjarskiptayfirvalda til að öðlast sendiréttindi sín á milli á sameiginlegum tíðnum á heimsvísu.“ Hann leggur áherslu á að amatörradíó sé fyrir alla. „Við höldum námskeið sem fólk, með hvaða bakgrunn sem er, sækir með góðum árangri.“

Með sérsmíðaðan sendi

Fyrir um 60 árum smíðaði Villi fyrst sendi til að hafa með í bakpokanum í gönguferðum, meðal annars á jökla, í starfi Hjálparseitar skáta í Reykjavík. „Ég hef aldrei verið sambandslaus á fjöllum síðan.“ Sem radióamatör með kallmerkið TF3DX segist hann alltaf hafa haft unun af radiósamböndum úti á mörkinni. Íðulega hafi hann skriðið í svefnpokann í litlu tjaldi með morslykilinn og spjallað við félagu úti um allan heim. Bylgjulengdir radióamatöra leyfi beint samband milli stöðva með endurkasti af jónhvöllu en amatörar noti vissulega líka tal- og stafrænar sendingar. „Ég kys helst gamalreynda skilvirkni morsins.“

Villi segir að aðild Íslands að



Ljósmyndir/Guðmundur Ágústsson

Á Skarðsheiði Vilhjálmur Þór á SOTA-tindi TF/SN-004 í ágúst 2017.



Á Snæfellsjökli Vilhjálmur Þór á SOTA-tindi TF/SN-001 í maí 2021.

SOTA hafi komið á réttum tíma fyrir sig. „Þá hafði ég ekki farið á fjall í þrjú ár út af sliti í hnjúm en hugarinn dró mig áfram. Ég þorði ekki að byrja á herra fjalli en Helgafelli sunnan Hafnarfjarðar og svaf af nóttina í tjaldi uppi á fjallinu. Ferðin gekk vonum frammar og smátt og smátt gekk ég úr mér verkina, sem áður gerðu mér lífið leitt. Hnénd halda vissulega áfram að slitna en ég finn í mesta lagi fyrir eymslum. Lækningamáttur hreyfingar er hreint út sagt ótrúlegur.“

Nú í ágústlok, sjö árum og 12 kílóum síðar, varð Syðstasúla, hæsti tindur Botnssúlna nærri

Þingvöllum, 102. SOTA-tindur Villa að meðöldum Ítalíutindunum og má sjá myndir og hreyfimynd frá ferðinni á netinu (<https://sotlas/summits/TF/SV-002>). Hann segir að hann leggi helst upp sem næst númeruðum vegi en létti stundum undir með göngunni á reiðhjólí eða gönguskjóðum.

Guðrún Hannesdóttir, eiginkona Villa og radióamatör TF3GD, fór með honum á 38 tindanna, en annars fór hann einkum einn eða með Guðmundi Ágústssyni, gömlum félagu úr hjálparseitinu. „Ég sný við ef ég met framhaldið óráðlegt fyrir einn mann.“